

19. ágúst 2022

Olís ehf.
Skútuvogi 5
104 Reykjavík

Efni: Greinargerð vegna starfsleyfis fyrir bensínstöð Olís ehf. að Hafnarbraut 43B, 780 Höfn

Umsókn um endurnýjun starfsleyfi fyrir rekstur bensínstöðvar með sjálfsafgreiðslu og sölu á merkingarskyldri efnavöru að Hafnarbraut 43B, 780 Höfn barst 19.8.2022. Umsækjandi er Olís ehf., kt. 500269-3249.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 20. júlí sl. í 4 vikur. Frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 17. ágúst 2022.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust á við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests og var starfsleyfi útgefið 19. ágúst 2022 með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst,

AUSTURLANDSSVÆÐIS
Dröfn Svanbjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi